

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 6 – 2022

Staður: Teams og Hvanneyri

Tími: Mánudagur 25. apríl 2022 kl. 13:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Halldór Þorgeirsson, Guðveig Lind Eyglóardóttir, Ragnhildur Helga Jónsdóttir, Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson, Jóhannes Sveinbjörnsson. Torfi Jóhannesson boðaði forföll og varamaður hafði ekki tók á að mæta. Álfheiður Marinósdóttir kennslustjóri sat fundinn undir 2. lið og Sigríður Kristjánsdóttir deildarforseti S&H undir 3.lið.

1. **Fundargerðir 3-5 2022** voru lagðar fram og samþykktar með innsendum breytingatillögum.

2. **Starfsáætlun og kennsluskrá 2022-2023:** Álfheiður Marinósdóttir kennslustjóri kynnti kennsluskrá háskóladeilda fyrir skólaárið 2022-2023. Í boði eru um 150 áfangar á ári í háskólanámi. Fámennir skylduáfangar eru stundum aðeins kenndir annað hvort ár, þetta eru áfangar sem kenndir eru á 2. og 3. ári. Fyrsta árið er mjög fast í formi, sem er nauðsynlegt til að svissa megi stórum skylduáföngum milli 2. og 3. árs eftir aðstæðum. Um 12-14 einingar eru sérstaklega búnar til fyrir skiptinema og eru líka nýttar í norðurslóðaprógrammi; 40-50 einingar eru kenndar á ensku, svo við erum að nálgast það að mæta þörfum skiptinema að þessu leyti. Að jafnaði eru 30 einingar á hverri önn í BS-námi. Í búfræði eru kenndir alls um 60 áfangar. Álfheiður ræddi einnig mikilvægi þess að fylgja málstefnu skólans, þar á meðal að veita viðurkenningu fyrir góða íslensku í ritgerðaskrifum, sem gert var ráð fyrir í málstefnu skólans. Námskrár og námskeiðslýsingar eru á heimasíðu skólans. Háskólaráð staðfesti starfsáætlun skólans.

3. **Kynning á stefnu deildar Skipulags og Hönnunar:** Sigríður Kristjánsdóttir deildarforseti S&H mætti á fundinn en hún var stödd í Seattle. Búið er að vinna mikið í stefnunni og slípa hana til. Sýn deildarinnar er að vera leiðandi á sínu sviði. Hlutverk deildarinnar eru að stunda rannsóknir og miðla þekkingu, ásamt fleiru. Mikil áhersla er á sjálfbæra þróun, þverfaglega samvinnu og hagnýtar rannsóknir. Fjölga þarf akademískum stöðum innan deildarinnar, auka rannsóknir og fá fleiri doktorsnema. Kennsluna þarf að þróa áfram, efla kennara og kennsluáðstöðu. Þó að S&H sé litla deildin við skólann hvað starfsmannafjöldi varðar eru nemendur hlutfallslega margir. Halldór vakti m.a. athygli á mikilvægi þess að deildin væri virkur þátttakandi í ýmsum verkefnum er lúta að stefnumörkun á vegum stjórnvalda, ekki síst um landnýtingu. Ragnhildur undirstrikaði tækifærin sem eru í samstarfi á milli deilda. Sigríður tók undir þetta og ræddi um að nú væri mikil þróun í gangi varðandi skipulagsmál hjá sveitarfélögunum, aukin áhersla á flokkun landbúnaðarlands. Stefnan verður unnin áfram og skerpt á áherslum.

4. **Skipun í nefndir til tveggja ára skv. reglum Lbhí** (siðanefnd, gæðanefnd, jafnréttisnefnd og öryggisnefnd): Skjala- og upplýsingastjóri hefur verið í gæðanefnd og er lagt til að skipan í stað hennar bíði þar til hefur verið ráðið í þá stöðu. Einnig ákveðið að bíða með jafnréttisnefnd fram að næsta fundi. Fulltrúar í siðanefnd eru tilbúnir að sitja áfram, hún er skipuð Skúla Skúlasyni, Daða Má Kristóferssyni og Þórdísi Ingadóttur formanni. Háskólaráð er sammála um að fá þau til að sitja áfram. Í öryggisnefnd eru fulltrúar skólans Símon Arnar Pálsson, Gísli Ágúst Guðmundsson og Guðmunda Smáradóttir. Háskólaráð samþykkir að þau sitji áfram, starfsmenn þurfa svo að að velja sína fulltrúa (þrjá).

5. Uppfærsla á jafnréttisáætlun: Skjöl frá jafnréttisnefnd voru lögð fram til kynningar; til frekari umræðu og samþykkis á næsta fundi.

6. Starfsskyldur akademískra starfsmanna: Drög að reglum voru kynnt og rædd og ákveðið að senda drögin til umsagnar í deildum, síðar verða þau tekin til endanlegrar afgreiðslu hjá háskólaráði.

7. Mál lögð fram til kynningar: Háskólafundur og Ársfundur verða 20. maí. Blikastaðasjóður og Framfarasjóður Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þorvaldar Guðmundssonar í Síld og Fisk hafa auglýst styrki til framhaldsnáms. Fundur með Matvælaráðuneyti er áformaður í næstu viku. Háskólaráðherra kemur í heimsókn að Hvanneyri á morgun, 26. apríl.

8. Önnur mál: Ragnhildur vakti athygli á því að umhirða útsvæða á Hvanneyri hefði verið slæm síðustu ár og væri í óvissu núna, lagði áherslu á mikilvægi þess að úr þessu yrði bætt.

Fundi slitið kl. 15.10